

SORPURÐUNARSVÆÐI Á VESTURLANDI

Cobraborun við Jörfa, Kolbeinsstaðahreppi
og Fíflholt, Hraunhreppi

Birgir Jónsson

Unnið fyrir SSV

BJ-95/01

Nóv. 1995

Reykjavík 19 nóv. 1995

Hr. verkfr. Jón Ágúst Guðmundsson
VST, Borgarnesi

Varðar: Könnun á mögulegu sorpurðunarsvæði að Fíflholtum á Mýrum.

Könnuð var þykkt lausra jarðlaga í tveimur mýrarsundum SA bæjarhúsanna að Fíflholtum.

Hola 1 (nær bænum), stöngum ýtt með höndum niður í 1,8 metra dýpi, sem var greinilega mýri. Síðan var borað niður á "fast" í 2,6 metrum og er sennilega megnið af þessum 80 cm einhverskonar sjávarset, sennilega silt, hálsamlímt í botninn.

Hola 2 (fjær bænum), stöngum ýtt með höndum niður í 1,8 metra, mýrin virðist ná niður í rúmlega 2ja metra dýpi, en þaðan niður í 2,8 metra ("fast") er sennilega að mestu sjávarset, silt.

Við leit að möl í landi Fíflholta var borað ca. eitt hundrað metrum NV Akravegar, á móts við Fíflholtabæ. Þar var stöngum ýtt niður í 0,4 m. Síðan var borað niður í 1,8 m og virtist vera minni fyrirstaða í ca. 0,4 -0,8 m og í ca. 1,3-1,6 m. Síðan var nokkru meiri nótstaða niður í 2,4 metra þar sem var "fast". Sennilega er hægt að skrapa upp einhverri möl þarna, en það þyrfti að kanna betur með traktorsgröfu. Við nánari athugun á svæðinu kom í ljós að Vegagerðin hefur að einhverju leyti kannað þetta svæði með gryfjum og þarf því að kanna þau gögn betur.

Síðan var farið um 2 km sunnar, niður undir Einholtasel þar sem er gömul malarnáma, með frekar grófri möl. Malarnáman hefur verið nýtt niður undir "fast", en enn virðist eftir nokkuð af þessum malarhjalla, sennilega einhverjir tugir þúsunda rúmmetra af möl. Ekki gekk vel að bora með Cobrabor niður í þessa myndun, aðallega vegna þess hve gróf hún er. Þó komst borinn niður í 1,8 m og 2,2 m, en eflaust er mölin þykkari en það. Þetta þarf að kanna betur með öflugri traktorsgröfu og er ég reiðubúinn fyrir hönd Orkustofnunar að koma að því verki ef óskað er eftir.

Með bestu kveðjum.



Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur
Orkustofnun

Reykjavík 19. nóv. 1995

Hr. verkfr. Jón Ágúst Guðmundsson
VST, Borgarnesi.

Varðar: Könnun á mögulegu sorpurðunarsvæði að Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu.

Hjálagt sendast niðurstöður úr Cobraborun frá 16. nóvember síðastliðnum. Líklegasta túlkun á jarðlögum þeim sem borað var í gegnum er sýnt á þremur fyrstu blöðunum, holur 1 til 4.

Myndir 1 til 5 eru lausleg riss af líklegu þversniði jarðlaga og staðsetningu borholnanna, ásamt óábyrgum tillögum að því hvernig hægt væri að haga sorpurðuninni. Ég tel að mjög mikilvægt sé að reyna að þurrka efstu metra svæðisins og þar með efsta metrann af siltinu, svo hægt sé að vinna ofan á botni sorpgryfjunnar. Hér á eftir fylgja hugleiðingar um verklag á svæðinu.

- 1) Grafa framræsluskurði, ca. 4 metra djúpa, þannig að efstu 3,5 metrar svæðisins þorni, sjá mynd 2.
- 2) Vinna ca. 30-50 m rein í einu, vel NV fyrir holu 4, helst niður að gamla skurðinum sem sést á mynd 1.
- 3) Moka mýrinni úr þessari rein til beggja hliða. Ef til vill er nauðsynlegt að grafa NV hlúa reinarinnar með dragskóflu. Sjá myndir 2 og 3.
- 4) Fylla í gryfjuna með böggudu og/eða þjöppudu sorpi. Ef til vill verður að ryðja sorpinu undir sig í NV hluta reinarinnar ef burðargetu skortir á botni gryfjunnar. Fyllt er jafnóðum ofan á sorpið með sandi og mól úr hjöllunum SV rafmagnslínunnar. Sjá mynd 4.
- 5) Fylla svo efra sorplagið upp undir hæð hjallanna og breiða jafnóðum yfir sorpið með mól/sandi/silti. Efst er svo dreift mómold úr mýrinni og svæðið ræktað upp strax eftir fyllingu hvernar reinar. Sjá mynd 5.

Ég tel að kanna þurfi svæðið betur með öflugri traktorsgröfu með framlengjanlegum armi, sem nær a.m.k. niður í ca. 4ra metra dýpi. Fyrir hönd Orkustofnunar er ég reiðubúinn að koma að því verki ef óskað er eftir.

Með bestu kveðjum



Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur
Orkustofnun


Jörfi Kolbeinnstadaheppi

Geobráborun, þorpurðun

Bj 18/11 95 bl. 2


Hola 3 (við gmyfju 2) - út úr línu

Borhráði sek/0.2m



Hola 4 (úti í mýrinni)


Borhráði sek / 0.2 m.



MYND 1

SA

rafmagnslína




JÖRFI Kolbeinsstaðahreppi, Hnaapp.

Mögulegur urðuvarskapur sorps — lauslegt riss

1995.11.19. Bj

MYND 2




Törfi, Kolbeinsskólahreppi, Arnapp.

Urðunarsvæði sorps -

Lauslegt riss - plan 07 1995.11.19

MYND 3




JÖRFI Kolbeinsstaðahreppi, t.h.a.p.

Mögulegur urðunarstaður sorps - lauslegt riss

1995.11.19. Bf

MYND 4



JÖRFI Kolbeinsstaðahreppi, Hnapp.

Mögulegur urðuvarstaður sorps - lauslegt riss

1995.11.19. Bj


MYND 5

Þið er mynd af sarggryfjum

Þið er mynd af sarggryfjum

Þið er mynd af sarggryfjum

Þið er mynd af sarggryfjum



JÖRFI Kolbeinsstaðahreppi, t.h.epp.

Mögulegur urnvarstæður serps - lauslegt riss

1995.11.19. Bf

